

Ed.

118. Frumvarp til laga

[108. mál]

um Jarðboranir hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna með Reykjavíkurborg hlutafélag er yfirtaki rekstur Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar samkvæmt samningi milli iðnaðarráðherra og borgarstjórnar í Reykjavík um sameiningu fyrirtækjanna, dags. 8. maí 1985, sbr. sameiginlega bókun aðila, dags. 8. október 1985. Eignaraðild aðila skal við stofnun hlutafélagsins vera jöfn.

Tilgangur hlutafélagsins er að eiga og reka jarðbora, svo og skylda starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

2. gr.

Ríkissjóður yfirtekur við stofnun hlutafélagsins áhvílandi skuldir Jarðborana ríkisins.

3. gr.

Fjöldi stofnenda hlutafélagsins og hluthafa í félaginu skal vera óháður takmörkunum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Að öðru leyti fer um stofnun og stjórn félagsins samkvæmt hlutafélagalögum og fer iðnaðarráðherra með eignaraðild ríkisins að félaginu.

4. gr.

Eigi skal innheimta aðflutningsgjöld og söluskatt af borverkum og aðföngum Jarðborana hf. vegna orkurannsóknaborana og borana til vinnslu jarðvarma. Hlutabréf í félaginu og skuldabréf útgefin í tengslum við stofnun þess skulu undanþegin stimpilgjöldum.

5. gr.

Stjórn hlutafélagsins skal setja gjaldskrá fyrir þjónustu þá, sem fyrirtækið innir af hendi. Gjaldskrá fyrirtækisins skal ákveðin þannig að tekjur af starfsemiinni standi undir rekstrarkostnaði, fjármagnskostnaði og skili eigendunum eðlilegum arði af hlutafé.

Starfa skal sérstök samráðsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá félaginu og tveimur fulltrúum tilnefndum af Sambandi íslenskra hitaveitna. Verkefni nefndarinnar er að vera vettvangur samráðs milli Jarðborana hf. og hitaveitna í landinu um fjárhagsleg og tæknileg málefni, svo og almenn samskipti við hitaveitur í landinu.

6. gr.

Fastráðnir starfsmenn Jarðborana ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir áður gegndu hjá ríkisyfirtækinu. 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, á því eigi við um þá starfsmenn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt fellur VIII. kafli orkulaga, nr. 58/1967, um Jarðboranir ríkisins, úr gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í 12 mánuði frá stofnun Jarðborana hf. er iðnaðarráðherra rétt að selja sveitarfélögum, samtökum þeirra eða fyrirtækjum í þeirra eign hlut í félaginu.

Við stofnun hlutafélagsins skal uppgjör fara fram svo sem samningurinn hefði öðlast gildi 1. júní 1985 og stofnun hlutafélagsins farið fram á þeim degi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Jarðboranir ríkisins voru stofnaðar 1945 og var fyrirtækið framan af rekið sem deild innan embættis Raforkumálastjóra eða allt til ársins 1967 þegar orkulögum var breytt.

Árið 1958 var gufuborinn Dofri keyptur samkvæmt sérstökum sameignarsamningi ríkisins og Reykjavíkurborgar um jafna eignaraðild og jafnframt var skipuð stjórn Gufulborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar. Hún gerði síðan samning við Jarðboranir ríkisins um rekstur borsins.

Í VIII. kafla orkulaga nr. 58/1967 er kveðið á um, að Jarðboranir ríkisins skuli reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki og er iðnaðarráðherra heimilt að fela Orkustofnun eða öðrum aðila, ef hann telur betur henta, að annast reksturinn. Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra, sem er ábyrgur fyrir rekstri beggja fyrirtækjanna undir yfirstjórn stjórnar Gufulborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar og orkumálastjóra. Fyrirtækin eru rekin hvort í sínu lagi með sjálfstæðan fjárhag.

Með bréfi, dags. 21. júní 1984, skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að gera úttekt á starfsemi og eignum Gufulborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðborana ríkisins með það fyrir augum að sameina fyrirtækin, ef um það næðist samkomulag milli aðila. Ennfremur var nefndinni falið að gera tillögur um skipulag og starfsemi hins nýja fyrirtækis.

Nefndina, skipuðu eftirtaldir fimm menn:

Ólafur B. Thors, forstjóri, formaður,

Karl Ragnars, forstjóri Jarðborana ríkisins,

Gunnlaugur Jónsson, deildarstjóri hjá Orkustofnun,

Valdimar K. Jónsson, prófessor, stjórnarmaður í Orkustofnun, og

Þórður Þ. Þorbjarnarson, borgarverkfræðingur.

Það var samdóma álit allra nefndarmanna að rétt væri að sameina fyrirtækin og stofna hlutafélag um reksturinn með jafnri eignaraðild ríkisins og Reykjavíkurborgar. Álit nefndarinnar, sem dagsett er í Reykjavík 24. janúar 1985, er fylgiskjal nr. 3 með frumvarpi þessu. Vísast til skýrslunnar um forsendur sameiningarinnar og mat á eignum fyrirtækjanna.

Í samningi aðila um sameininguna hafa matsfjárhæðir verið færðar til verðlags í apríl 1985 og m. a. samið um eftirfarandi atriði:

- Hið nýja félag gefur út skuldabréf til ríkisins að fjárhæð 41,2 millj. kr.
- Áhaldahús í Kópavogi, metið á 7,1 millj. kr., og skammtímakröfur Jarðborana ríkisins, að fjárhæð um 30 millj. kr., verða undanskilin við sameininguna.
- Reykjavíkurborg gefur út skuldabréf til félagsins að fjárhæð 14,6 millj. kr. til sama tíma og með sömu kjörum og skuldabréf félagsins til ríkisins.
- Tæki og áhöld borfyrirtækjanna eru metin á 65% af bókfærðu verðmæti 31. desember 1984.
- Hlutafé félagsins verður 136 millj. kr.

Borgarstjórnin í Reykjavík og iðnaðarráðherra undirrituðu 8. maí 1985 samning milli ríkisstjórnar Íslands og borgarstjórnar Reykjavíkur um sameiningu Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðborana ríkisins. Samningurinn er fylgiskjal nr. 1 með frumvarpi þessu. Þá fylgir stofnefnahagsreikningur hins væntanlega félags, ásamt yfirliti yfir framlög aðila til félagsins, frumvarpi þessu sem fylgiskjal nr. 2.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að ganga frá sameiningu þessara borfyrirtækja samkvæmt ofansögðu. Með tilliti til mikillar notkunar jarðhita á Íslandi er mjög brýnt að vel sé að starfsemi jarðbora staðið og séð til þess að hún þróist og dafni eftir því sem efni standa til. Jafnframt er þýðingarmikið að halda í einu öflugu fyrirtæki þeirri þekkingu og verkkunnáttu sem fyrir er hjá Jarðborunum ríkisins. Það kann enn fremur að hafa verulega þýðingu að hér sé til öflugt fyrirtæki á sviði jarðborana ef Íslendingum bjóðast tækifæri til að gera þekkingu okkar á sviði virkjunar jarðvarma að útflutningsvöru. Ætla má að með ofangreindri félagsstofnun sé vel séð fyrir framtíð starfsemi jarðbora í landinu. Í framhaldi af stofnun hlutafélagsins ætti þó ekkert að vera því til fyrirstöðu að fleiri hagsmunaaðilum verði gefinn kostur á eignaraðild að fyrirtækinu. Í sameiginlegri bókun iðnaðarráðherra og borgarstjórnar í Reykjavík, dags. 8. október 1985, sem er fylgiskjal nr. 4 með frumvarpi þessu, er fjallað um sölu á hlutabréfum í Jarðborunum hf. til sveitarfélaga og samtaka þeirra. Þá er í bókuninni samið svo um að við stofnun félagsins skuli uppgjör allra fjárhæða fara fram svo sem samningurinn hefði öðlast gildi 1. júní 1985 og stofnun félagsins farið fram á þeim degi.

Frumvarpið hefur verið borið undir Samband íslenskra hitaveitna sem er meðmælt frumvarpinu. Umsögn sambandsins, dags. 16. september 1985, fylgir frumvarpi þessu sem fylgiskjal nr. 5.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er ríkisstjórninni veitt heimild til að stofna hlutafélag um jarðboranir, er hafi þann tilgang að eiga og reka jarðbora. Gert er ráð fyrir að eignaraðild aðilanna verði við stofnun félagsins jöfn. Þá er gert ráð fyrir að hvor aðili um sig hafi heimild til að selja eignarhlut sinn í félaginu.

Um 2. gr.

Heildarskuldir Jarðborana ríkisins í árslok 1984 námu 119,4 millj. kr. Þar af var lán vegna kaupa á jarðbornum Jötni 118,7 millj. kr. Við stofnun félagsins mun ríkissjóður yfirtaka þetta lán, en eignast á móti:

| | |
|--|-----------------|
| 1. Áhaldahús í Kópavogi (matsverð) | kr. 7,1 millj. |
| 2. Vörubirgðir (áætlað) | kr. 6,1 millj. |
| 3. Skammtímakröfur | kr. 30,0 millj. |
| 4. Skuldabréf frá félaginu | kr. 41,2 millj. |

Samtals kr. 84,4 millj.

Ljóst er því að ríkissjóður mun þurfa að yfirtaka skuldir að fjárhæð um 35 millj. kr. vegna stofnunar félagsins. Hlutfjáreign ríkisins í félaginu verður hins vegar 68 millj. kr.

Um 3. gr.

Í greininni eru nauðsynlegar undanþágur frá ákvæðum hlutafélagalaga með tilliti til þess að ríkið og Reykjavíkurborg verða tvö stofnendur og hluthafar í félaginu í upphafi. Að öðru leyti skal um félagið fara samkvæmt hlutafélagalögum.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 3. mgr. 53. gr. orkulaga nr. 58/1967 um aðflutningsgjöld og söluskatt af borverkum og aðföngum Jarðborana ríkisins, eins og lögunum var breytt með 1. gr. laga nr. 32/1983.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að stjórn félagsins setji gjaldskrá fyrir þjónustu þá er félagið innir af hendi. Er þetta gert m. a. til að tryggja ákveðið jafnrétti notenda til þjónustu hjá fyrirtækinu. Þá er lagt til að starfandi verði við félagið sérstök samráðsnefnd stjórnar félagsins og Sambands ísl. hitaveitna.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að réttur starfsmanna til endurráðningar hjá hinu sameinaða fyrirtæki verði tryggður. Þar af leiðir að ekki er eðlilegt að þeim verði greidd biðlaun skv. 14. gr. starfsmannalaganna.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjöl:

Nr. 1. Samningur milli iðnaðarráðherra f. h. ríkisstjórnar Íslands og borgarstjórans í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar, um sameiningu á Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðborunum ríkisins, dags. 8. maí 1985.

Nr. 2. Endurskoðunarmiðstöðin hf. — N. Manscher — Stofnefnahagsreikningur Jarðborana hf. ásamt fylgiskjölum, dags. 8. maí 1985.

Nr. 3. Skýrsla nefndar um breytta skipan á rekstri Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar — Reykjavík 24. janúar 1985.

Nr. 4. Sameiginleg bókun iðnaðarráðherra og borgarstjórans í Reykjavík vegna samnings um Jarðboranir hf., dags. 8. maí 1985. — Reykjavík, 8. október 1985.

Nr. 5. Umsögn Sambands íslenskra hitaveitna um frumvarpið, dags. 16. september 1985.

Fylgiskjal nr. 1.

Iðnaðarráðherra, f. h. ríkisstjórnar Íslands, og
borgarstjórinn í Reykjavík, f. h. Reykjavíkurborgar,
gera með sér svofelldan

SAMNING UM SAMEININGU JARÐBORANA RÍKISINS OG GUFUBORUNAR RÍKISINS OG REYKJAVÍKURBORGAR.

1. gr.

Stofnun hlutafélags.

Ríkisstjórnin og Reykjavíkurborg stofna hlutafélag til reksturs jarðbora og tengdrar starfsemi. Eignaraðild aðilanna skal við stofnun hlutafélagsins vera jöfn. Heiti fyrirtækisins verður Jarðboranir hf. og skal heimili þess og varnarþing vera í Reykjavík.

2. gr.

Framlög ríkisins.

Ríkisstjórnin leggur fram í hið nýja fyrirtæki allar eignir Jarðborana ríkisins, að undanskildu áhaldahúsi í Kópavogi, viðskiptakröfum, birgðum og sjóðseign umfram 10 millj. kr. Ríkisstjórnin leggur enn fremur fram eignarhlut ríkisins í Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Mat á verðmæti framlagðra eigna skv. 1. mgr. er sem hér segir:

- a) Borar skv. mati sérstakrar stjórnskipaðrar nefndar, sbr. nefndarálit dags. 24. janúar 1985.
- b) Tæki og áhöld eru lögð fram á 65% af bókfærðu verði í árslok 1984.

Yfirlit yfir framlögð verðmæti ríkisins, ásamt stofnefnahagsreikningi hins væntanlega félags, eru á fylgiskjali nr. 1 með samningi þessum: Endurskoðunarmiðstöðin hf. — N. Manscher — Stofnefnahagsreikningur Jarðborana hf., ásamt fylgiskjöllum.

3. gr.

Framlög Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg leggur fram í hið nýja fyrirtæki eignarhlut sinn í Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar. Um mat á verðmæti framlaga Reykjavíkurborgar skv. þessari grein fer með sama hætti og ríkiseignanna skv. 2. gr.

Auk framlaga skv. 1. mgr. leggur Reykjavíkurborg fram í hið nýja fyrirtæki:

- a. Í reiðufé 35.4 millj. kr. á verðlagi í apríl 1985, að hálfu á gjalddaga 1. júlí 1985 og að hálfu á gjalddaga 1. júlí 1986, og skal fjárhæðin vera verðtryggð miðað við lánsjaravísitölu (1106 stig).
- b. Hinn 1. júní 1985 gefur borgarsjóður út skuldabréf til Jarðborana hf. til sama tíma og með sömu gjalddögum og kjörum og skuldabréf skv. 4. gr., að fjárhæð 14,6 millj. kr. (verðlag í apríl 1985).

4. gr.

Skuldabréf til ríkissjóðs.

Ríkissjóður yfirtekur við stofnun hlutafélagsins áhvílandi skuldir Jarðborana ríkisins.

Hinn 1. júní 1985 gefur hið nýja hlutafélag út skuldabréf til ríkissjóðs að fjárhæð 41,2 millj. kr. til 10 ára með gjalddögum 1. júní ár hvert, í fyrsta sinn 1. júní 1986. Vextir af

skuldinni, skv. skuldabréfi þessu, skulu eins og hún er á hverjum tíma vera sömu vextir og teknir eru af lánskjaravísitölulánum til lengri tíma, skv. ákvörðun Landsbanka Íslands hverju sinni. Vextirnir skulu greiddir á gjalddögum, eftir á, á sama tíma og afborganir. Greiðslustaður er hjá ríkisféhirði. Skuldin skal tryggð með fyrsta veðrétti í jarðbornum Jötni, ásamt fylgihlutum. Verðtrygging fjárhæða miðast við lánskjaravísitölu í apríl 1985 (1106 stig). Vextir reiknast frá 1. júní 1985.

5. gr.

Um hlutafé.

Hlutafé í hinu nýja hlutafélagi skal vera 136 millj. kr. Hlutafé skiptist í 136 1 000 000,00 kr. hluti og fylgir eitt atkvæði hverjum 1 000 000,00 kr. hlut. Hlutabréf í félaginu skulu skráð á nafn.

6. gr.

Hlutverk félagsins.

Hlutverk hins nýja fyrirtækis, Jarðborana hf., er að yfirtaka allan rekstur Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar, eiga og reka jarðbora, svo og skyld starfsemi hér á landi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

7. gr.

Um forkaupsrétt.

Félagið skal sjálft eiga forkaupsrétt á hlutabréfum, sem kunna að vera til sölu, að því marki sem landslög leyfa. Að því frágengnu skulu hluthafar eiga forkaupsrétt í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra. Veðsetning hlutabréfa skal óheimil, nema með samþykki stjórnar félagsins.

Engum hlutum í félaginu skulu fylgja nokkur sérréttindi önnur en forgangsréttur til að skrifa sig fyrir nýjum hlutum og forkaupsréttur að fölum hlutum.

8. gr.

Gjaldskrárákvæði.

Stjórn Jarðborana hf. skal setja gjaldskrá fyrir þjónustu þá, sem fyrirtækið innir af hendi. Gjaldskrá fyrirtækisins skal ákveðin þannig að tekjur standi undir rekstrarkostnaði, fjármagnskostnaði og skili eigendunum eðlilegum arði af hlutafé.

9. gr.

Stjórnarkjör.

Stjórn fyrirtækisins skipa 5 menn og skulu þeir kosnir á aðalfundi. Á meðan aðild er jöfn að fyrirtækinu skulu fjórir stjórnarmenn kosnir á aðalfundi, tveir skv. tillögu hvors aðila um sig. Aðilar gera sameiginlega tillögu um fimmta stjórnarmanninn og skal hann vera stjórnarformaður. Á sama hátt fer um varamenn. Ef ekki tekst samkomulag um formann skipar yfirborgardómarinn í Reykjavík formann stjórnar. Ákvæði formanns ræður úrslitum máls þegar atkvæði eru á jöfnu á stjórnarfundum. Stjórn fyrirtækisins ræður forstjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og annast hann allan daglegan rekstur þess.

10. gr.

Starfsmannamál.

Fastráðnir starfsmenn Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir áður gegndu.

11. gr.
Gildistaka.

Hið nýja hlutafélag skal taka til starfa 1. júní 1985 að því tilskildu að samþykki borgarstjórnar og Alþingis liggi fyrir. Boða skal til stofnfundar strax og lög um Jarðboranir hf. taka gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1985.

f. h. ríkisstjórnar Íslands,
með fyrirvara um samþykki
Alþingis.

Sverrir Hermannsson,
iðnaðarráðherra.

f. h. Reykjavíkurborgar,
með fyrirvara um samþykki
borgarstjórnar.

Davíð Oddsson,
borgarstjóri.

Vottar:

Jón G. Tómasson.
Þórður Þ. Þorbjarnarson.
Halldór J. Kristjánsson.
Guðmundur Malmquist.

Fylgiskjal:

Endurskoðunarmiðstöðin hf. — N. Manscher — Stofnefnahagsreikningur Jarðborana ríkisins ásamt fylgiskjöllum — dags. 8. maí 1985.

Fylgiskjal nr. 2.

Jarðboranir hf.
Stofnefnahagsreikningur,
ásamt fylgiskjöllum.

ÁRITUN ENDURSKOÐUNARMIÐSTÖÐVARINNAR HF. — N. MANSCHER —

Við höfum samið stofnefnahagsreikning þennan ásamt fylgiskjöllum fyrir Jarðboranir hf. Stofnefnahagsreikningurinn er saminn á grundvelli samnings iðnaðarráðherra, f. h. ríkisstjórnar Íslands, og borgarstjórnans í Reykjavík, f. h. Reykjavíkurborgar, um sameiningu Jarðborana ríkisins (JBR) og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar (GRR) sem undirritaður var 8. maí 1985.

Rekstraráætlun fyrsta árs er samin af okkur. Við viljum benda á að rekstraráætlun þessi byggist eingöngu á rekstrarreikningum JBR og GRR undanfarin þrjú ár auk þess sem tekið er tillit til breytts matsverðs fastafjármuna og eignastöðu fyrirtækisins í upphafi. Ekkert mat hefur því verið lagt á væntanlega starfsemi Jarðborana hf. eða afkomuhorfur fyrirtækisins.

Reykjavík, 8. maí 1985.

Endurskoðunarmiðstöðin hf.
— N. Manscher —

Símon Á. Gunnarsson,
löggiltur endurskoðandi.

Stofnefnahagsreikningur.

| | |
|---|-----------------|
| Eignir: | Kr. '000 |
| Veltufjármunir: | |
| Veltufjármunir GRR umfram skuldir | 1 200 |
| Peningaframlag ríkissjóðs | 10 000 |
| Peningaframlag Reykjavíkurborgar 1. júlí 1985 | 17 700 |
| Peningaframlag Reykjavíkurborgar 1. júlí 1986 | 17 700 |
| Veltufjármunir samtals: | 46 600 |
| Fastafjármunir: | |
| Langtímakrafa: | |
| Skuldabréf Reykjavíkurborg | 14 600 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | |
| Áhaldahús GRR ásamt lóð | 5 000 |
| Tæki og áhöld GRR | 8 500 |
| Tæki og áhöld JBR | 17 200 |
| Bor GRR | 21 300 |
| Borar JBR | 64 000 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir samtals: | 116 000 |
| Fastafjármunir samtals: | 130 600 |
| Eignir samtals | 177 200 |

| | |
|-------------------------------------|-----------------|
| Skuldir og eigið fé: | Kr. '000 |
| Langtímaskuldir: | |
| Skuld við Ríkissjóð | 41 200 |
| Eigið fé: | |
| Hlutfé | 136 000 |
| Skuldir og eigið fé samtals: | 177 200 |

Hlutdeild JBR og GRR í stofnefnahagsreikningi.

| | |
|-------------------------------------|-----------------|
| JBR: | Kr. '000 |
| Borar | 64 000 |
| Tæki og áhöld | 17 200 |
| Samtals: | 81 200 |
| GRR: | |
| Bor | 21 300 |
| Tæki og áhöld | 8 500 |
| Áhaldahús og lóð | 5 000 |
| Veltufjármunir umfram skuldir | 1 200 |
| Samtals: | 36 000 |

Við endanlega yfirtöku á eignum og skuldum GRR gætu myndast viðskiptaskuldir (eða inneignir) hluthafa við hið nýja félag ef veltufjármunir umfram skuldir nema annarri fjárhæð en að ofan greinir.

Framlag Reykjavíkurborgar.

| | M. kr. |
|--------------------------------|---------------|
| 1. ½ GRR | 18,0 |
| 2. Peningar 1.7. 1985 | 17,7 |
| 3. Peningar 1.7. 1986 | 17,7 |
| 4. Skuldabréf til 10 ára | 14,6 |
| | <hr/> 68,0 |

Framlag ríkissjóðs.

| | M. kr. |
|--------------------------------|---------------|
| 1. ½ GRR | 18,0 |
| 2. Eignir JBR | 81,2 |
| 3. Peningar | 10,0 |
| | <hr/> 109,2 |
| Frá dregst: | |
| 4. Skuldabréf til 10 ára | 41,2 |
| | <hr/> 68,0 |

Rekstraráætlun fyrsta árs.

| | Kr.'000 |
|---|----------------|
| Rekstrartekjur: | |
| Seld vinna og þjónusta | 126 059 |
| Seldar vörur | 20 373 |
| Leigutekjur og aðrar tekjur | 6 057 |
| | <hr/> |
| Rekstrartekjur samtals: | 152 489 |
| Rekstrargjöld: | |
| Launakostnaður | 45 953 |
| Kostnaðarverð seldra vara | 13 822 |
| Annar rekstrarkostnaður | 41 258 |
| Aðstöðugjald o. þ. h. | 1 696 |
| Afskriftir | 15 535 |
| | <hr/> |
| Rekstrargjöld samtals: | 118 264 |
| Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda | 34 225 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld): | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 11 670 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | (13 125) |
| Reiknuð gjöld vegna áhrifa verðlagsbreytinga | (5 050) |
| | <hr/> |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals: | (6 505) |
| Hagnaður fyrir skatta | 27 720 |
| Tekju- og eignarskattur | 3 973 |
| | <hr/> |
| Hagnaður til ráðstöfunar | 23 748 |

Yfirlit um óráðstafað eigið fé:

| | |
|----------------------------------|---------------|
| Hagnaður til ráðstöfunar | 23 748 |
| Arður til greiðslu | 13 600 |
| Óráðstafað eigið fé | 10 148 |

Forsendur og skýringar með rekstraráætlun fyrsta árs.

1. Rekstrartekjur og rekstrargjöld utan afskrifta eru miðuð við meðaltal ársreikninga JBR og GRR 1982—1984 sem færðir eru til verðlags 1985. Þóknun JBR vegna GRR er tekin út úr bæði tekjum og gjöldum.
2. Afskriftir eru reiknaðar af kaupverði sem fært er til væntanlegs meðalverðlags ársins. Þessi hlutföll eru notuð:

| | |
|---------------------|-----|
| Áhaldahús | 4% |
| Borar | 10% |
| Tæki og áhöld | 20% |
3. Aðstöðugjald er reiknað 1,3% af frádráttarbærum kostnaði.
4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru áætluð með hliðsjón af stofnefnahagsreikningi, hækkun verðlags, verðbreytingastuðli og takmarkaðri ávöxtun veltufjármuna.
5. Eignarskattur er reiknaður miðað við stofnefnahagsreikning og áætlaðan hagnað.
6. Tekjuskattur er miðaður við að niðurfærsla viðskiptakrafna og birgða verði 2 m.kr., 10% arður verði greiddur af hlutafé og 40% af skattgjaldstekjum verði lögð í fjárfestingarsjóð.
7. Hagnaður til ráðstöfunar nemur 15,6% af eigin fé í upphafi þegar það hefur verið fært til meðalverðlags.

Fylgiskjal nr. 3.

SKÝRSLA NEFNDAR UM BREYTTA SKIPAN Á
REKSTRI JARÐBORANA RÍKISINS OG GUFUBORUNAR
RÍKISINS OG REYKJAVÍKURBORGAR.

Nefnd um breytta skipan á rekstri
Jarðborana ríkisins og Gufuborunar
ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Hr. iðnaðarráðherra,
Sverrir Hermannsson,
Iðnaðarráðuneytinu,
Arnarhvoli.

Reykjavík 24. janúar 1985.

Með bréfi dagsettu 21. júní 1984 skipaði iðnaðarráðherra undirritaðan til formennsku í nefnd til þess að gera tillögur um breytta skipan á rekstri Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar. Í nefndina voru skipaðir:

Ólafur B. Thors, formaður.

Karl Ragnars.

Gunnlaugur Jónsson.

Valdimar K. Jónsson.

Þórður Þ. Þorbjarnarson.

Í meðfylgjandi nefndaráliti, sem er samdóma álit allra nefndarmanna, eru helstu niðurstöður þær, að fyrirtækin verði sameinuð og stofnað hlutafélag um reksturinn með jafnri eignaraðild ríkisins og Reykjavíkurborgar við stofnun félagsins. Til þess þurfa aðilar að gera með sér sameignarsamning, sem lagður yrði fram með frumvarpi til laga til staðfestingar á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Ólafur B. Thors,
formaður.

NEFNDARÁLIT UM BREYTTA SKIPAN Á REKSTRI JARÐBORANA RÍKISINS OG GUFUBORUNAR RÍKISINS OG REYKJAVÍKURBORGAR.

Inngangur.

Með bréfi dagsettu 21. júní 1984 skipaði iðnaðarráðherra nefnd vegna Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar. Í skipunarbréfinu segir: „Iðnaðarráðherra hefir ákveðið að skipa nefnd til að gera úttekt á starfsemi og eignum Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðborana ríkisins, með það fyrir augum að sameina fyrirtækin, ef um það næst samkomulag milli aðila.

Enn fremur er nefndinni falið að gera tillögur um skipulag og starfsemi hins nýja fyrirtækis.“

Í nefndina voru eftirtaldir menn skipaðir:

Ólafur B. Thors, lögfræðingur, Hagamel 6, Reykjavík, formaður.

Gunnlaugur Jónsson, eðlisfræðingur, Melbæ 26, Reykjavík.

Karl Ragnars, verkfræðingur, Hæðarbyggð 6, Garðabæ.

Valdimar K. Jónsson, prófessor, Hjallalandi 15, Reykjavík.

Pórður Þ. Þorbjarnarson, borgarverkfr., Fornastekk 9, Reykjavík.

Nefndin skipaði Ólaf Guðmundsson, Krummahólum 6, Reykjavík, ritara og starfsmann nefndarinnar.

Um fyrirtækin.

Jarðboranir ríkisins (JBR) voru formlega stofnaðar 18. apríl 1945 og tók fyrirtækið smám saman að sér allar jarðboranir í landinu, en áður höfðu Hitaveita Reykjavíkur og ríkið fengist við boranir. Framan af voru Jarðboranir ríkisins reknar sem deild innan embættis raforkumálastjóra eða allt til ársins 1967 þegar orkulögum var breytt. Arið 1958 var Gufuborinn keyptur samkvæmt sérstökum sameignarsamningi ríkisins og Reykjavíkurborgar um jafna eignaraðild og jafnframt var skipuð stjórn Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar (GRR). Hún gerði síðan samning við Jarðboranir ríkisins um rekstur borsins. Í orkulögum frá 1967 er Orkustofnun falinn rekstur Jarðborana ríkisins og hefur svo verið allar götur síðan. Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra fyrirtækisins, sem er ábyrgur fyrir rekstri JBR og GRR undir yfirstjórn stjórnar GRR og orkumálastjóra. Bæði fyrirtækin hafa, hvort í sínu lagi, verið rekin með sjálfstæðan fjárhag.


Til marks um umfang borrekstursins hefur starfsmannafjöldi um árabíl verið 60—90 manns og velta fyrirtækjanna beggja hefur á undanförunum árum verið um 100—180 m.kr. á ári á verðlagi ársins 1984, sbr. mynd.

Boranir skiptast einkum í fjóra þætti, jarðhitaboranir á háhitasvæðum, jarðhitaboranir á lághitasvæðum, boranir eftir köldu fersku vatni og rannsóknarboranir vegna mannvirkja-gerðar og hafa þær að mestu verið bundnar vatnsaflsvirkjunum. Helstu viðskiptavinirnir hafa verið allar hitaveitur landsins, sveitarfélög, bændur og aðrir einstaklingar, verksmiðjur og raforkuver. Einnig hafa verið boraðar tvær holur í Færeyjum fyrir landsstjórnina þar. Í öllum tilfellum eru fyrirtækin rekin á verktakagrundvelli samkvæmt verksamningi verktaka og verkkaupa.

ISSD-300-GHJ
85.01.0114-GSJ

TEKJUR JBR OG GRR 1976-1984 Á föstu verðlagi 1984

SKÝRINGAR:
JBR
GRR



Eignir fyrirtækjanna.

Helstu eignir eru snúningsborarnir Jötunn, Dofri, Narfi, Glaumur og Ýmir, þrír höggborar, fjórir kjarnaborar, loftpressur og ýmis tækjabúnaður tengdur borunum, auk bíla og áhaldahúsa í Kópavogi og Reykjavík. Í ársreikningum 1983 voru bókfærðar eignir JBR 155,7 m. kr. og bókfærðar eignir GRR 60,4 m. kr. GRR á einn boranna, Dofra, sem var bókfærður á 35,5 m.kr. í árslok 1983, og JBR hina borana, þ. e. Jötun, Narfa og aðra bora að bókfærðu verðmæti 62,6 m.kr., 9,8 m.kr. og 22,9 m.kr. í árslok 1983.

Nefndin hefur leitað upplýsinga um verð á bortækjum sambærilegum við þau sem JBR og GRR eiga. Á síðustu tveim árum hefur orðið mikill samdráttur í olúborunum, og er því mikill fjöldi bortækja ónotaður og til sölu víða um heim og þó einkum í Bandaríkjunum. Þetta mikla framboð á notuðum borum hefur orsakað verðfall. Niðurstaðan er sú, að komnir til Íslands upp settir mundu borarnir kosta:

| | | |
|-------------------|-----------|-----|
| Jötunn | 1 080 000 | USD |
| Dofri | 520 000 | USD |
| Narfi | 160 000 | USD |
| Aðrir borar | 320 000 | USD |

Aðrar eignir fyrirtækjanna telur nefndin rétt metnar í ársreikningum 1983.

Tafla I sýnir hvernig efnahagsreikningar fyrirtækjanna munu væntanlega líta út í árslok 1984 eftir endurmat á borum og uppfærslu á öðrum eignum að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og afskrifta. Eignir JBR nema 143,6 milljónum króna, sem er litlu hærri upphæð en skuld fyrirtækisins vegna kaupa á Jötni á sínum tíma. Eigið fé fyrirtækisins er 21,4 milljónir króna. Eignir GRR nema 52,4 milljónum króna en skuldir aðeins 1,2 milljónum króna. Eigið fé nemur því 51,2 milljónum króna.

Sameining JBR og GRR.

Reykjavíkurborg er nú helmings eignaraðili að Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar. Gufuborinn „Dofri“ var keyptur til landsins árið 1958 og hefur hann borað næstum allar vinnsluholar Hitaveitu Reykjavíkur, sem nú eru í notkun, svo og þær holur, sem boraðar hafa verið á Nesjavöllum til öflunar orku fyrir væntanlega virkjun þar.

Þess utan hefur Vatnsveita Reykjavíkur keypt þjónustu af JBR bæði til borunar vinnsluhola í Heiðmörk og til borunar á rannsóknarholum víðs vegar í borgarlandinu til að öðlast betri vitneskju um mögulega vatnsöflun í framtíðinni. Enn fremur hefur Hitaveita Reykjavíkur keypt þjónustu af JBR til borunar á rannsóknarholum vegna hitastigulsmælinga og athugana á berggrunninum.

Af heildarumsvifum beggja fyrirtækjanna JBR og GRR á árinu 1984 er tæpur helmingur teknanna vegna borverka fyrir Hitaveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Reykjavíkur.

Að svo komnu er ekki fyrir sjáanlegt að á þessu verði miklar breytingar næstu árin, a. m. k. ekki á meðan HR borar af fullum krafti á Nesjavöllum, og önnur verkefni fyrir Dofra og Jötun eru ekki í auglýsni. Það er því ekki óeðlilegt að Reykjavíkurborg eigi 50% í einu sameinuðu borfyrirtæki, þegar og ef það verður stofnað, og tryggi þannig hagsmuni sína. Það er þýðingarmikið að halda í einu öflugu fyrirtæki þeirri þekkingu og verkunnáttu sem fyrir er hjá JBR. Það kann að hafa verulega þýðingu að hér sé til öflugt fyrirtæki á sviði jarðborana, ef Íslendingum bjóðast tækifæri til að gera þekkingu okkar á sviði virkjunar jarðvarma að útflutningsvöru.

Það er skoðun nefndarinnar, að æskilegt sé að stofnað verði fyrirtæki í sameign ríkis og Reykjavíkurborgar.

Nefndin telur hæfilegt að í sameinuðu fyrirtæki verði hlutfé 150 m.kr. Fram hefur komið sú hugmynd að Reykjavíkurborg leggi fram 30 m.kr. í hið nýja fyrirtæki og ríkið yfirtæki skuld JBR vegna kaupa á Jötni. Aftasti dálkurinn í töflu I sýnir hvernig efnahagsreikningur sameinaðs fyrirtækis mundi líta út eftir að Reykjavíkurborg hefur lagt fram 30 milljónir til uppbyggingar fyrirtækisins og ríkið hefur tekið á sig lánið til kaupa á Jötni. Hvor aðili um sig á 75 milljóna króna hlutfé í fyrirtækinu.

Tafla I.

**Áætlaður efnahagsreikningur JBR og GRR í árslok 1984
eftir endurmat og sameiningu:**

Eignir m.kr.

| | JBR | GRR | Samtals | Eftir sameiningu |
|-----------------------------|-------|------|---------|---------------------|
| Borar | 62,4 | 20,8 | 83,2 | 83,2 |
| Tæki og áhöld | 26,0 | 14,9 | 40,9 | 40,9 |
| Áhaldahús | 7,2 | 4,1 | 11,3 | 11,3 |
| Vörubirgðir | 4,4 | 1,1 | 5,5 | 5,5 |
| Verkkaupar + vsk.menn | 27,7 | 1,0 | 28,7 | 28,7 |
| Sjóður | 15,9 | 10,5 | 26,4 | 26,4 |
| Framlag Reykjavíkur | | | | 30,0 |
| | 143,6 | 52,4 | 196,0 | 226,0 |

Skuldir m.kr.

| | JBR | GRR | Samtals | Eftir sameiningu |
|---------------------------|-------|------|---------|---------------------|
| EUA-lán v/Jötuns | 121,5 | | 121,5 | — |
| Önnur lán | 0,7 | 1,2 | 1,9 | 1,9 |
| Endurmatsreikningur | | | | 74,1 |
| Höfuðstóll | 21,4 | 51,2 | 72,6 | 150,0 (Hl.fé) |
| | 143,6 | 52,4 | 196,0 | 226,0 |

Jötunn 1,08 M USD
Dofri 0,52 M USD
Narfi 0,16 M USD
Aðrir borar 0,32 M USD
1 \$ = 40 Íkr.

Það er mat borgarverkfræðings að 30 m.kr. sé hæfilegt sem innborgað hlutfé frá Reykjavíkurborg og reyndar sú blóðgjöf sem nauðsynleg sé til að stofna megi hið nýja fyrirtæki á fjárhagslega traustum grunni.

Erfitt er að meta hvers virði framlag Reykjavíkur í reiðufé væri á móti metnum eignum ríkisins í JBR og GRR en ljóst er þó, að ef ná skal jafnri eignaraðild beggja aðila er ekki sanngjarnt að ríkið yfirtæki að fullu áhvilandi skuld á JBR.

Á hinn bóginn er ljóst að nýja fyrirtækið getur ekki staðið undir skuldinni að fullu og verður að álíta, að verkefni í framtíðinni verði mjög ráðandi um það, hve stóran hluta skuldarinnar fyrirtækið getur borið. Ekki er að efa, að stærstu verkefni í borunum á komandi árum verða á vegum Reykjavíkurborgar og má meta það til jafns við peningaframlag af hennar hálfu.

Andvirði Jötuns var greitt árið 1976 með þremur skuldabréfum með 9,25% vöxtum að fjárhæð EUA 2 309 452 sem jafngilti DEM 7 431 722. Lánið var afborgunarlaust fyrstu árin; fyrsta afborgun af því gjaldféll í febrúar 1979. Verulegar afborganir gjaldféllu hins vegar ekki fyrir en árið 1981, og á árunum 1981—82—83 gjaldféllu 89% af láninu og þar af 48% á árinu 1983. Lánið er nú að fullu gjaldfallið og allt í vanskilum og nemur áætluð skuld á árslok 1984 121,5 milljónum króna. Verkefni Jötuns hafa verið miklu stopulli á undanförunum árum en vænst var, þegar borinn var keyptur, og hefur framlegðin aðeins numið litlum hluta þess sem þurft hefði til að standa straum af greiðslum af láninu. Hefur borinn verið í Kröflu nær allan tímann frá því er hann var keyptur, en á árinu 1984 var hann fluttur á Seltjarnarnes.

Með tilliti til ofangreindra atriða er það álit nefndarinnar, að fyrirtækið geti staðið undir einhverjum hluta skuldarinnar ef hún er fjármögnuð með hagstæðu láni, t. d. til 10 ára. Nefndin telur hins vegar að um þetta atriði verði eignaraðilar sjálfir að semja.

Að því gefnu að samkomulag takist um sameiningu JBR og GRR er það samdóma álit nefndarinnar að eðlilegasta rekstrarformið sé hlutafélag með jafnri eignaraðild ríkisins og Reykjavíkurborgar við stofnun félagsins. Með tilliti til mikillar notkunar jarðhita á Íslandi er mjög brýnt, að vel sé að borstarfseminni staðið og séð til þess að hún þróist og dafni eftir því, sem efni standa til. Ætla má að ofangreindir eignaraðilar séu vel til þess fallnir að gæta þessara hagsmuna. Í framhaldi af stofnun hlutafélagsins er þó ekkert því til fyrirstöðu að fleiri hagsmunaaðilum verði gefinn kostur á eignaraðild að fyrirtækinu, hvort heldur um væri að ræða hitaveitur eða aðra.

Tillaga nefndarinnar.

Nefndin leggur til að Jarðboranir ríkisins og Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar verði sameinuð í nýju hlutafélagi í eigu ríkisins og borgarinnar. Nefndin hefur samið drög að frumvarpi til laga um hlutafélagið, sem hún hefur nefnt Jarðboranir hf., og leggur til að eignaraðilar gangi til samninga um stofnun þess. Í stofnsamningi þarf m. a. að kveða á um:

1. að ríkið og Reykjavíkurborg stofni hlutafélag til reksturs jarðbora og tengdrar starfsemi. Eignaraðild aðilanna að hlutafélaginu verði jöfn, þ. e. að hvor aðili um sig eigi helming í hlutafélaginu. Hlutféð verði 150 milljónir króna. Heiti fyrirtækisins verði _____
2. að ríkið leggi fram í hið nýja fyrirtæki allar eignir Jarðborana ríkisins og eign ríkisins í Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar.
3. að Reykjavíkurborg leggi fram í hið nýja fyrirtæki eign sína í Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar.
4. að auk ofangreindra framlaga leggi Reykjavíkurborg fram í hið nýja fyrirtæki í reiðufé 30 m.kr. skv. verðlagi í nóvember 1984, lánskjaravísitala 938 stig, að hálfu á gjalddaga 1. júlí 1985 og að hálfu á gjalddaga 1. júlí 1986.

5. að við stofnun hlutafélagsins gefi það út skuldabréf til ríkissjóðs að andvirði _____ milljónir króna til 10 ára, verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu í nóvember 1984 með X% ársvöxtum.
6. að hlutverk hins nýja fyrirtækis verði að yfirtaka allan rekstur Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar.
7. að hvorum eignaraðila um sig sé heimilt að selja sinn eignarhlut í fyrirtækinu að hluta eða öllu leyti og skuli hinn eignaraðilinn jafnan hafa forkaupsrétt. Verði forkaupsréttur ekki nýttur innan 6 mánaða frá þeim tíma sem forkaupsréttarhafi sannanlega fær í hendur kautilboð falli forkaupsrétturinn niður.

Nefndin gerir ráð fyrir að lög um hlutafélög gildi um hið nýja félag að öðru leyti en því, sem um getur í meðfylgjandi drögum að frumvarpi til laga. Nefndin bendir á, að nokkrir starfsmanna Jarðborana ríkisins eru ríkisstarfsmenn og í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Huga þarf að lífeyrisréttindum þessara manna eftir stofnun hins nýja hlutafélags.

Reykjavík, 23. janúar 1985.

Ólafur B. Thors, formaður.

Karl Ragnars.

Valdimar K. Jónsson.

Gunnlaugur Jónsson.

Þórður P. Þorbjarnarson.

8. október 1985.

SAMEIGINLEG BÓKUN
IÐNAÐARRÁÐHERRA OG BORGARSTJÓRANS Í REYKJAVÍK
VEGNA
SAMNINGS UM JARÐBORANIR HF., DAGS. 8. MAÍ 1985.

Í framhaldi af undirritun samnings um Jarðboranir hf., dags. 8. maí 1985, og með tilliti til þess að málið var ekki lagt fram á 107. löggjafarþinginu, hafa aðilar samningsins orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Í 12 mánuði frá stofnun hlutafélagsins er ríkisstjórninni rétt að selja sveitarfélögum, samtökum þeirra eða fyrirtækjum í þeirra eigu hlutabréf í hlutafélaginu með eftirgreindum skilmálum:
 - 1.1 Kaupverð hlutabréfanna skal vera nafnverð og verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu í apríl 1985, auk vaxta.
 - 1.2 Kaupverðið greiðist þannig:
 - a) A.m.k. 50% útborgun, sem skipta má á tvö ár.
 - b) Eftirstöðvar má lána til 10 ára.

Að þeim tíma liðnum skal hvorum eignaraðila um sig heimilt að selja sinn eignarhlut í fyrirtækinu að hluta eða öllu í samræmi við forkaupsréttarákvæði 7. gr. samningsins.

2. Við sölu samkvæmt 1. tl. skulu þeir aðilar, sem mestra hagsmuna hafa að gæta af starfsemi Jarðborana hf., ganga fyrir um kaup á hlutabréfum í félaginu. Við sölu á hlutabréfum verður leitast við að tryggja að haldið verði innan Jarðborana hf. þeirri þekkingu og verkkunnáttu sem fyrir er hjá Jarðborunum ríkisins á sviði jarðborana.
3. Við stofnun hlutafélagsins skal uppgjör fara fram svo sem samningurinn hefur öðlast gildi 1. júní 1985 og stofnun hlutafélagsins farið fram á þeim degi.
4. Starfa skal sérstök samráðsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá félaginu og tveimur fulltrúum tilnefndum af Sambandi íslenskra hitaveitna. Verkefni nefndarinnar er að vera vettvangur samráðs milli Jarðborana hf. og hitaveitna í landinu um fjárhagsleg og tæknileg málefni, svo og um almenn samskipti við hitaveitur í landinu.

Reykjavík, 8. október 1985.

Davíð Oddsson,
borgarstjóri.
Með fyrirvara um
samþykki borgarráðs.

Sverrir Hermannsson,
iðnaðarráðherra.

Fylgiskjal nr. 5.

Reykjavík, 16. september 1985.

Í framhaldi af bréfi háttvirts iðnaðarráðherra, dagsettu 4. september 1985, hefur stjórn Sambands íslenskra hitaveitna (SÍH) fjallað um frumvarp til laga um **Jarðboranir hf.**, eins og mælt var til.

Stjórn SÍH styður framkomið frumvarp til laga um Jarðboranir hf., þar sem gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg og ríki stofni hlutafélag um rekstur Jarðborana ríkisins og Gufuborana ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Stjórn SÍH leggur áherslu á það álit sitt, að mikilvægt sé, að hugmynd sú um samráðsnefnd SÍH og Jarðborana hf., sem fram kom á fundi stjórnar SÍH og undirbúningsnefndar í Iðnaðarráðuneytinu 16. ágúst 1985, verði að veruleika.

F. h. stjórnar SÍH
Gunnar St. Ólafsson
framkvæmdastjóri.

Til iðnaðarráðuneytis
hr. Sverrir Hermannsson, ráðherra
Arnarhváli
101 Reykjavík.